

Lagt fram á fundi a. d. d. 11/3 '91 af Matsveiðis Stjórnun.

Um tillögur sakadómara í Reykjavík um breytingar á frumvarpi til laga um meðferð opinberra mála

Alþingi
Erindi nr. P/131876
11 / 3 1971
komudagur

Varðandi 5. gr. frumvarpsins:

Í 2. mgr. 5. gr. er vísað til 37. A. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 um heimildir til að kveðja til meðdómendur til setu í dómi í einstökum málum. Í 37. A. gr. laga nr. 85/1936 er nánar tiltekið að finna tvenns konar heimildir; í 1. mgr. handa dómara til að kveðja til tvo sérfróða menn, sem starfa ekki annars sem dómarar, ef mál varðar til dæmis tæknileg atriði, í 2. mgr. handa dómara til að kveðja til setu í dómi tvo aðra embættisdómara eða dómarafulltrúa, hvort sem þeir starfa við sama dómstól og hann eða annan dómstól, ef mál er umfangsmikið eða mikilvægt. Umræddri 37. A. gr. verður þannig beitt til að ná öllum þeim markmiðum, sem koma fram í tillögu um breytingu á 5. gr., að því atriði þó frátöldu, að heimild stæði þá ekki til þess að dómari kveðji til einn meðdómsmann. Um þetta má að öðru leyti benda sérstaklega á, að við samningu frumvarpsins var talið tvímælalaust hagræði að vísa hér til einkamálalaga fremur en að tvítaka sömu reglu á báðum stöðum, en að vandlega athuguðu máli var talið ófært að leggja til heimild til kvaðningar eins meðdómsmanns, því sú tilhögun gæti leitt til mjög óeðlilegrar niðurstöðu ef dómarar væru ekki á einu máli.

Varðandi 52. gr. frumvarpsins:

Í 52. gr. er að finna sérreglu, sem undanþiggur embættis- og sýslunarmenn frá því að þurfa að koma fyrir dóm sem vitni, ef þeir geta svarað spurningum, sem beint er til þeirra, með vottorði úr embættisskjöllum sínum. Sakadómarar leggja hér til að þessi undanþága verði takmörkuð, þannig að dómari geti allt að einu kvatt slíka menn fyrir dóm, ef "brýna nauðsyn ber til", en af athugasemdum með tillögunni má ráða, að á það kunnir að reyna að embættismaður þurfi að gefa nánari skýringar á efni vottorðs síns og sé óheppilegt að hann geti færst undan því að mæta fyrir dómi í slíku tilviki. Þessu má svara á þann veg, að 52. gr. frumvarpsins (og 92. gr. núgildandi laga) fela í sér undanþágu handa embættismanni, ef hann getur svarað spurningum skriflega og til fullnaðar á grundvelli embættisskjala, en sé svar hans ófullkomið felur ákvæðið enga undanþágu í sér handa honum frá því, að þurfa að mæta fyrir dómi. Verður því ekki séð að tillagan um breytingu á þessu ákvæði feli neitt í sér, sem verður ekki ráðlið af ákvæðinu í núverandi mynd með nærtækri lögskýringu.

Varðandi 2. mgr. 115. gr. frumvarpsins:

Þetta ákvæði frumvarpsins felur í sér heimild handa lögreglustjóra til að bjóða sakborningi að ljúka máli með því að gangast undir greiðslu sektar, upptöku eignar eða sviptingu ökuleyfis án þess að málið fari fyrir dóm. Í núverandi mynd sinni takmarkar ákvæðið ekki að lögreglustjóri mætti fela sérhverjum starfsmanni sínum að leysa verk sem þetta af hendi. Tillaga sakadómara um breytingu þessa ákvæðis lýtur að því, að takmarka heimild lögreglustjóra til að fela starfsmönnum sínum þessi verk með þeim hætti, að það geti aðeins átt við löglærða fulltrúa hans. Af skýringum með þessari tillögu má ráða að hún komi fram til að tryggja réttaröryggi. Ekki verður séð að neitt tilefni sé til slíkrar takmörkunar, enda hlýtur eftir eðli málsins að vera nærtækast að lögreglustjórar ákveði hver fyrir sig hverjum þeir treysti fyrir framkvæmd þessara verkefna á sína elgin ábyrgð. Hafa má í huga að verulegur hluti þeirra mála, sem yrði lokið með þessum hætti, væru einföld umferðarlagabrot sem varða sektum, en samkvæmt 2. mgr. 115. gr. á ráðherra að ákveða sektarfjárhæðir vegna hverrar brotategundar í reglugerð að höfðu samráði við ríkissaksóknara.

Varðandi 3. mgr. 122. gr. frumvarpsins:

Hér er lagt til að fyrirmæli verði felld niður um það, að dómari gefi ákæranda og ákærða kost á að tjá sig ef hann telur efni til að vísa máli frá dómi án kröfu frá öðrum hvorum þeirra. Í athugasemdum sakadómara er þetta rökstutt með því, að ófært sé að dómari tjái sig með þessum hætti um fyrirhugaða frávisun máls, enda geti hann gert sig vanhæfan með því. Ekki

verður séð að fært sé að samsinna þessum rökum. Regla þessa efnis á sér erlendar fyrirmyndir við meðferð opinberra mála og hefur að auki verið fylgt við rekstur einkamála hér á landi um áratugaskeið, en ekki verður séð að sjónarmið um vanhæfi dómara vegna þessara orsaka hafi verið orðuð í því sambandi. Í þessum efnum má hafa í huga að frávísun er afleiðing af því, að formlegur brestur sé á málatilbúnaði, en með því að taka afstöðu til slíks atriðis er dómari ekki að tjá hug sinn til sektar sakbornings eða sakleysis og verður ekki séð að hann geti gert sig hlutdrægan í augum málsaðila og þar með vanhæfan til að leysa úr efnisatriðum máls með slíku.

Varðandi 171. gr. frumvarpsins:

Í þessu ákvæði frumvarpsins er að finna sérreglur um það, hvernig og hvenær svonefnd borgararéttarleg krafa þurfi að koma fram við rekstur opinbers máls, en til slíkra krafna heyrja skaðabótakröfur af hendi þess, sem hefur beðið tjón vegna refsiverðs brots. Í 171. gr. kemur fram sú meginregla, að slíkar kröfur eigi að koma fram ótvírætt í ákæru, eða með öðrum orðum við upphaf máls, en undantekning er þó gerð, sem heimilar að kröfur sem þessar komist síðar að, ef dómari telur það ekki munu leiða til tafa eða óhagræðis og sakborningur samþykkir að þær komist að. Sakadómarar leggja hér til að þessi grein falli brott í heild, þannig að útilokað verði að kröfur komist að, sem ekki er getið í ákæru. Þá breytingu verður að telja óæskilega, enda er það skilyrði sett í ákvæðinu, sem áður segir, að kröfu sem þessari verði aðeins komið fram á þessu stigi máls með samþykki ákærða og dómari telji ekki til óhagræðis að leyst verði úr henni. Telja má að þessi skilyrði afmarki heimildina nægilega til þess að hætta sé ekki á að mál verði óljóst eða illviðráðanlegt fyrir vikið.

Varðandi 142. gr. frumvarpsins:

Í niðurlagi bréfs sakadómara er vikið að því, að eftir 142. gr. frumvarpsins megi kæra til Hæstaréttar úrskurð, sem héraðsdómari kveður upp um að hann viki sæti í máli, en athygli er þar vakin á því, að gagnstæð regla gildi eftir 21. gr. laga nr. 75/1973, þegar dómari í einkamáli vikir sæti. Telja sakadómarar þetta með öllu óskiljanlegt og þarfnast skýringa þeirra, sem stóðu að samningu frumvarpsins. Af þessu tilefni er ekki nema sjálfsagt að benda á það, að eftir 171. gr. núgildandi laga um meðferð opinberra mála má ríkissaksóknari kæra til Hæstaréttar úrskurð héraðsdómara um að hann viki sæti. Í frumvarpinu er einfaldlega lagt til að þessi regla standi óbreytt, enda þykja ekki verða séð rök fyrir afnámi hennar. Rétt er að málum sé háttað á gagnstæðan veg í einkamálum eftir núgildandi reglum, en bent skal á að unnið er að endurskoðun þeirra reglna og verður þá eflaust litið til þess, hvort samræma eigi þar reglur á vettvangi einkamála við reglur um opinber mál varðandi þetta atriði.